

Laxar Fiskeldi ehf.  
Hlíðasmára 4  
201 Kópavogur

Reykjavík, 9. október 2020  
UST202003-268/H.E.  
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 24.6.2020, hjá Löxum Fiskeldi ehf. Fiskalóni**

Þann 24.6.2020 fór fram eftirlit í fiskeldi Laxa fiskeldi ehf. að Fiskalóni í Ölfusi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staðfestar voru úrbætur vegna þriggja eldri frávíka en framleiðsla er enn yfir heimild nógildandi starfsleyfis.

**Tveimur ábendingum var komið á framfæri varðandi árekstrarvarnir við olíutank og frágang lóðar. Eitt frávik kom fram er varðar:**


1. Grein 1.1. í starfsleyfisskilyrðum í starfsleyfi. Ársframleiðsla 2019 voru 57 tonn en heimild nógildandi starfsleyfis er upp á 20 tonna ársframleiðslu.

Umhverfisstofnun óskar í þessu sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 23.10.2020.

Virðingarfyllst



Halla Einarasdóttir



Hulda Soffía Jónasdóttir

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlandssvæðis

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

**Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti**

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Starfsleyfisflokkur:
Laxar fiskalóni	24. júní 2020	Fiskalón, Ölfusi	Gjaldflokkur 5
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
621205-1370	1. október 2026	já	seiðaeldi (tegund ótilgreind)

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?		x		Rúmlega 12 tonn lífmassi í stöðinni þegar eftirlitið fór fram. Ársframleiðsla árið 2019 voru 57 tonn.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	x			Allt eldisvatn í gegnum tromlusú sem var tekin í gagnað í fyrrasumar. eru búnir að losa einu sinni úr henni. Eru að vinna í finstillingum á hreinsivirkinu. Umsókn um stækkun á leyfi liggur fyrir.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	x			Afföll handskráð daglega sem svo er fært inn í gagnagrunn fishtalk. Handskráningar á fóðurnotkun. skoða daglega til að stemma af hvað hvert ker fær mikið. Fóðurstuðull er 0,8-1 (fer eftir fóðurtegund og hitastigi). Vatnsnotkun stöðug. Eru með rennslismæla. Fóður: tegund og birgðastaða mánaðarlega skráð og sett í gagnagrunn. Frárennslismælingar voru gerðar í ágúst 29.8.2019. Niðurstöðurnar skoðaðar í eftirlitinu. Efnanotkun: Nota bóluefni. Alpha Ject 5-3 Svefnlyf. Tricaine Pharmac.

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

				<p>Haldið utan um innkaupin saman með Bakka. Nota eina gerð af sápu. Relavit 77. Sóttreinsiefni virocit og virosure, klór. Maurasýra í meltutanka. Formalín til böðunar.</p> <p>Magn úrgangs – skv. kvittunum frá hreinsitækni. u.þ.b. 4 tonn.</p> <p>Eru með viðbragðáætlun og neyðaráætlun</p>
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			x	
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			x	
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	x			
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			x	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?			x	
Er neyðaráætlun til staðar?	x			

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	x			<p>Eru með fishtalk gagnagrunn.</p> <p>Eru að byggja upp EQS gæðakerfi.</p> <p>Umhverfisstefna endurskoðuð árlega.</p>

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	x			Tölvustýring.
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt?  Mælingar eða útreikningar?  Síðustu mælingar?	x			Mælingar gerðar í ágúst 2019 á BOD5, COD, TOC, heildarfosfór P, heildarköfnunarefni N og svifögnum á fjórum stöðum; við inntak vatns í stöðina, við útrás og á tveimur stöðum í viðtaka (skurði), 75 m og 150 m neðan við frárennislör.  Ekki losunarmörk í starfsleyfi.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitaupgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?	x			Daglegt eftirlit á tromlusúnni og næsta umhverfi við hana. Taka mánaðarlegar myndir eftir tromlu.  Hafa ekki orðið varir við óhreinindi í fráveituvatni eftir sún í tromlunni.  Ekki sjáanleg mengun í viðtaka né fráveituvatni eftir hreinsivirki.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslis, síjun, settjörn, tromlur, oþh.  Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.	x			Tromlusía. Lokað kerfi niður í læk niður við veg.  Yfirfall af ónýttu vatni fer í sér í lögn niður í lækinn.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	x			Lokaðar lagnir að tromlusíu, ca 150 m lokað kerfi.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	x			Reglulegt sjónrænt eftirlit í læk f neðan lagnir.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	x			Losun úr tromlusíu fór fram 6. maí sl. Samtals var hreinsað tæp 40 tonn sem farið var með til urðunar á urðunarstað. Dauðfiskur fer í meltutank sem hreinsitækni hreinsar upp ca 2 x á ári. síðast 29. apríl

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

				2020. Móttökukvittanir frá móttökuaðila dauðfisks ekki til staðar.
Er umhverfissvöktun í samræmi við starfsleyfi?			x	
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfissvöktunar.			x	
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.	x			Ekki skilaskylda skv. starfsleyfi en áttu að skila skv. samþykkttri úrbótaáætlun.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	x			Stefna á að fara mynda allar lagnir.  Ekki kröfur um mælingar í núgildandi leyfi  Taka sjálfir sýni og senda í greiningu hjá Sýni ehf.

<b>Niðurstöður síðasta eftirlits:</b>	
<p>Síðasta vettvangsferð fór fram 31. október 2018 en þá voru skráð 4 frávik frá starfsleyfi. Varðandi framleiðslu umfram heimild starfsleyfis, vöntun á skráningum á losun efna út í umhverfið, ófullnægjandi hreinsun frárennslis og að neyðaráætlun var ekki til staðar. Úrbótaáætlun vegna þeirra frávikanna var samþykkt með bréfi 11. apríl 2019.</p>	
<b>Samantekt:</b>	<p>Staðfestar voru úrbætur vegna 3 frávikanna en ekki hefur dregið úr framleiðslu sem er enn umfram heimild núgildandi starfsleyfis. Nýtt frávik vegna umframframleiðslu 2019 var skráð í eftirlitinu og tveimur ábendingum komið á framfæri varðandi frágang lóðar og að huga þarf að árekstrarvörnum við olútank.</p>
<b>Annað</b>	<p>Einn tvöfaldur olútankur í eigu Laxa en þjónustaður af Olís.</p>

Undirskrift eftirlitsmanns: \_\_\_\_\_

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Laxar fiskeldi ehf. Fiskalón, Ölfusi



Dags eftirlits	24.6.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Laxar fiskeldi ehf.	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Fiskalóni	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	621205-1370	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Benedikt Bárðarson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Birgitta Björnsdóttir	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundna vettvangsferð mengunareftirlits í fiskeldisstöð Laxa að Fiskalóni í Ölfusi. Staðfestar voru úrbætur vegna þriggja eldri frávikna en enn er framleiðsla umfram heimild núgildandi starfsleyfis.

Eitt nýtt frávik vegna umframframleiðslu 2019 var skráð og tveimur ábendingum komið á framfæri.

## UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
3. Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
4. Kynning á verklagsreglum vegna sóttmengaðra dýrahraja
5. Útreikningar á losun í frárennsli í fiskeldi.
6. Umfang starfsemi í fiskeldi (kynning).
7. Tilkynningar vegna mengunaróhappa

1. Farið var yfir stöðuna frá síðasta eftirliti skv. meðfylgjandi gátlista fyrir fiskeldi á landi. Staðfestar voru úrbætur vegna 3 eldri frávikna en ekki hefur verið brugðist við frávikni er varðar framleiðslu umfram heimild starfsleyfis. Ársframleiðsla 2019 voru 57 tonn.

2. Með breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit eru nú komin inn ákvæði um að tíðni eftirlitsferða skuli miðast við kerfisbundið áhættumat á umhverfisáhættu vegna starfseminnar. Reglubundnar vettvangsheimsóknir 2020 miðast út frá niðurstöðum áhættumatsins en verður það endurmetið samhliða hverri vettvangsheimsóknum og niðurstöðum úr eftirliti. Til viðbótar við reglubundin eftirlit framkvæmir Umhverfisstofnun óvenjubundið eftirlit t.d. til að fylgja eftir úrbótum frávikna. Samkvæmt áhættumati fellur starfsemi Laxa að Bakka í áhættuflokk B og þar með er áætlað að fara árlega í vettvangsferð í stöðina. Nánar er greint frá áhættumatinu í landsáætlun um eftirlit og áætlun um reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar sem nálgast má á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Rætt var um tækifæri til að lækka stigafjölda áhættumatsins með bættri umhverfisstjórnun í starfsstöðinni.

3. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir hafa skilgreint áhersluverkefni í eftirliti að taka saman skráningar á neyslu-, lausa-, húsa- og bryggjugeymum. Einn tvöfaldur olútankur er á starfsstöð Laxa að Bakka sem er þjónustaður af Olís.

4. Í samvinnu með Matvælastofnun hafa verklagsreglur um förgun sóttmengaðs úrgangs verið endurskoðaðar í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Drög að verklagsreglunum voru send rekstraraðila samhliða boðun eftirlitsins.

5. Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi út frá fóðurgjöf og framleiðslumagni. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun næringarefna frá starfsstöðinni.


6. Rætt var um umfang starfseminnar m.t.t. lífmassa annars vegar og sláturtölum hins vegar.

7. Í skoðunarferðinni var farið inn í fiskeldishúsin, nýtt hreinsivirki fráveitu skoðað ásamt útrás frárennslis. Einnig voru aðstæður í viðtaka skoðaðar. Nýja hreinsivirkið samanstendur af tromlusiu og settanki. Framkvæmdir standa yfir á lóðinni og nokkuð um byggingarefni.

**Frávik frá**

**Lýsing á fráviki**

Grein 1.1. í starfsleyfisskilyrðum í starfsleyfi Ársframleiðsla 2019 voru 57 tonn en heimild nógildandi starfsleyfis er upp á 20 tonna ársframleiðslu.





## ÁBENDINGAR

Huga þarf að árekstrarvörnum við olútank.

Framkvæmdir standa yfir á lóð rekstraraðila og er hann minntur á að huga vel að fokvörnum á byggingarefni og öðru á lóðinni.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.10.2020

*Halla Einarsdóttir*  
Halla Einarsdóttir